



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Svar við fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna um afdrif tillögu flokksins um hlutverk skólasafna í Reykjavík

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 5. janúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna:

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram fyrirspurn um afdrif tillögu flokksins um að mótuð verði heildarstefna um hlutverk skólasafna í Reykjavík. Tillögunni var vísað af borgarráði til meðferðar ráðsins í mars á síðasta ári. Nýjustu fregnir af hnignandi lesfærni íslenskra ungmenna gera enn brýnna að vinna hratt og örugglega í málinu.

Svar:

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 23. mars 2023 kemur fram að svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um stefnu í málefnum skólasafna hafi verið vísað til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs á fundi borgarstjórnar 21. mars 2023.

Borgarstjórn samþykkir að mótuð verði heildarstefna um sértækt hlutverk skólasafna í Reykjavík. Viðtækt samráð skal hafa við skólasöfnin, Félag fagfólks á skólabókasöfnum, Upplýsingu – félag bókasafns- og upplýsingafræðinga og aðrar fagstéttir og hlutaðeigandi sem máli kunna að skipta.

Í framhaldi af því átti undirritaður samtali við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna málsins. Ekki hefur unnist tími til að fara í vinnu við að skoða samlegð almennings- og skólabókasafna. Engin ákvörðun hefur því verið tekin um framhaldið og verkefni skólabókasafna er enn á forræði skóla- og frístundasviðs.

Virðingarfyllt,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.